

Fjárlaganefnd Alþingis
b.t. Jóns Magnússonar

Dansk-íslenska félagið sækir hér með um styrk frá fjárlaganefnd til að styðja við starfsemi félagsins. Er þess óskað að styrkfjárhæð nemi einni milljón króna.

Dansk-íslenska félagið hefur um áratuga skeið starfað að menningartengslum Íslands og Danmerkur og getið sér gott orð fyrir störf sín. Félagsmenn standa að baki félaginu á forsendum hugsjónar um að rækta umrædd menningarleg tengsl á milli íslensku og dönsku þjóðanna á grundvelli langrar sögu, fjölþættra samskipta og vináttu. Markmið félagsins er að efla vináttu og samstarf Íslendinga og Dana. Í því skyni heldur félagið samkomur og aðra viðburði, ásamt útgáfu- og kynningarstarfi, eftir því sem réttast þykir á hverri tíð. Systurfélag er Dansk-íslensk samfund í Danmörku.

Þegar minnst var aldarafmælis fullveldisins lögðu ýmsir forystumenn þjóðarinnar áherslu á mikilvægi þess að varðveita og efla tengsl þjóðanna á alla lund.

Félagið gengst fyrir árlegri samkomu til að minnast fullveldissamnings Íslands og Danmerkur 1. desember 1918 sem fól í sér viðurkenningu á fullveldi íslensku þjóðarinnar og konungssambandi milli þjóðanna á gildistíma samningsins. Félagið gengst fyrir fullveldisráðstefnu 30. nóvember nk. í Veröld, húsi Vigdísar Finnbogadóttur fyrrum forseta Íslands. Mun þar íslenskur prófessor fjalla um lagatengsl milli Íslands og Danmerkur og danskur rithöfundur fjalla um samband þjóðanna auk tónlistaratriða.

Dansk-íslenska félagið heldur úti tímaritinu Rask og Repp sem kemur út árlega með áhugaverðu efni um menningarsamband og sameiginlega þætti í sögu þjóðanna. Heiti tímaritsins var valið til að heiðra minningu hinna tveggja menntafrömuða Rasmusar Kristjáns Rask og Þorleifs Repp sem beittu sér á akri íslenskrar tungu og menningar og skiluðu drjúgu verki sem kunnugt er. Er nú unnið að því að búa hefti ársins 2023 til prentunar.

Stjórn félagsins er skipuð fimm aðalmönnum og tveimur til vara. Formaður félagsins er dr. Ólafur Ísleifsson fv. alþingismaður og tók hann fyrir á árinu við formennsku af Ólafi Egilssyni sendiherra. Varaformaður félagsins er Gísli Magnússon prófessor í dönsku við Háskóla Íslands. Aðrir stjórnarmenn eru Einar G. Pétursson, Óttar Ottósson og Þórhildur Oddsdóttir og varamennirnir Björn Jón Bragason og Brynhildur Anna Ragnarsdóttir.

Í ljósi ofangreinds yfirlits um þróttmikið menningarstarf um áratuga skeið leyfir stjórn Dansk-íslenska félagsins sér að óska þess að styrkbeiðni félagsins verði vel tekið af hálfu fjárlaganefndar Alþingis og að hún sjái sér fært að koma til móts við félagið í þessu efni.

Með virðingu, fyrir hönd stjórnar Dansk íslenska félagsins,

Ólafur Ísleifsson
formaður stjórnar